



Þorlákshöfn. Um vatnsaga á golfvellinum

**Þórólfur H. Hafstað**

**Greinargerð PHH-97-02**

## Þorlákshöfn Um vatnsaga á golfvellinum

Þetta er skrifað vegna fyrirspurnar Guðmundar Hermannssonar sveitarstjóra þann 21. október 1997 um hugsanlegar ástæður fyrir bleytu á hinum nýja golfvelli við Þorlákshöfn. Að sögn hefur hún einkum verið til ama að hausti til.

Svæðið liggur lágt. Það er skammt frá sjó að baki foksandshólum við föruna og í austri og norðaustri er ósasvæði Ölfusár. Hraun liggja að svæðinu að norðan og vestan og er í þeim mikið grunnvatnsstreymi. Grunnt er á jarðvatn.

Spurningin er fyrst og fremst um það, hvort vatn leiti á yfirborði frá Ölfusá inn á vallarsvæðið eða hvort há grunnvatnsstaða valdi bleytunni þar. Úr þessu verður ekki skorið með óyggjandi vissu nema með mælingum. Við fyrstu sýn geta eftirfarandi atriði haft áhrif á drllumallið á svæðinu:

- Vatnsstaða í Ölfusá.** Rennsli Ölfusár hefur verið mælt við Selfoss samfellt í nær 47 ár. Eins og fram kemur í meðfylgjandi gögnum Vatnamælinga er rennsli árinnar alla jafna minnst á haustmánuðum og fyrri hluta vetrar. Alla jafnan er rennslið minnst í septembermánuði. Það er afar ólíklegt að há vatnsstaða í Ölfusá vegna mikils rennslis valdi bleytunni á Hafnarskeiði.
- Sjávarföll.** Þau eru alla jafnan nokkru meiri á haustin en á sumrin. Mikil flóðhæð tefur að sönnu fyrir afrennsli vatns, bæði yfirborðsvatns og grunnvatns, en fjaran er að sama skapi meiri á stórum straumi, þannig að þessi áhrif ættu að jafnast út.
- Grunnvatnsstaða.** Ekki er vitað með vissu hvenær ársins hún er hæst í hraununum við Þorlákshöfn. Uppi undir fjöllunum í sunnanverðu Ölfusi er lindarennсли alla jafnan mest snemmsumars, en þá er grunnvatnsstaða há vegna vorleysinga (ÞHH, óbirt gögn). Ekki er það gefið, þó líklegt sé, að eins sé ástatt niður undir sjó.
- Úrkoma.** Mestur hluti úrkommunar, sem á hraunbreiðurnar umhverfis Þorlákshöfn fellur, hripar niður, sameinast grunnvatninu og hækkar jarðvatnsborðið, a.m.k. tímabundið. Á sumrin gufar umtalsverður hluti úrkommunar upp áður en hún sígur niður. Þegar haustar að og veður kólnar, verður úrkommunar meira vart í grunnvatninu, þar sem minna gufar upp.
- Jarðklaki.** Hann skiptir tæpast máli í vangaveltum um bleytu á haustdögum.

- **Vatnajarðfræðilegar aðstæður.** Norður af Hafnarskeiði er hraunasvæði og benda líkur til að undir því séu lítið lek setlög eða eldra berg (FS & PHH 1995; Þorlákshöfn. Grunnvatn og vatnsvernd, s. 35 - 36). Í hrauninu sameinast grunnvatnsstraumar úr norðaustri og norðvestri og leita til sjávar milli Þorlákshafnar og Ölfusáróss. Fjörusandurinn þar er til muna þéttari en hraunið norðan hans og hann hamlar að nokkru framrás grunnvatnsins.

Samkvæmt framanskáðu þykir líklegast, að vatnssull á golfvellinum á haustdögum og framan af vetri, stafi af eftirfarandi ástæðum:

*Úrkoma, sem fellur á hraunið norður af Hafnarskeiði, skilar sér fljótt og vel til grunnvatnsins. Hraunin leiða vatnið fljótt og vel áleiðis til hafs. Úti við strönd mætir grunnvatnstreymið nokkurri fyrirstöðu í sandinum. Við það hækkar jarðvatnsborð um sinn innan hans og þar sem lautir og dokkir eru í landið, má búast við að grunnvatnið stígi upp úr jörð. Við það myndast tjarnir og pollar, sem hverfa ekki fyrr en grunnvatnið hefur sigið út í gegn um kambinn. Ef rigningar eru prálátar, getur vatn staðið uppi innan kambs langtínum saman.*

Sé þessi skilningur réttur, hefur enga þýðingu að stífla ræsi sem eru milli Hafnarskeiðs og ósasvæðis Ölfusár. Sé áhugi fyrir að fylgjast með grunnvatnshæð á svæðinu, er eðlilegast að gera það í holunni, sem boruð var til að afla vatns til vökvunar á golfvellinum. Vegna áhrifa sjávarfalla þyrfti vísast að koma þar fyrir síritandi mæli og yrði nokkur kostnaður því samfara.


Kær kveðja;

Þórólfur H. Hafstað

vhm064 Ölfusá; Selfoss Rennslisgögn á S-T 1920-1999

|    | jan  | feb  | mar  | apr  | mai  | jún  | júl | ágú  | sep | okt  | nóv  | des  | Ársgildi      |
|----|------|------|------|------|------|------|-----|------|-----|------|------|------|---------------|
| HQ | 2110 | 2620 | 2190 | 2330 | 1240 | 1200 | 967 | 1190 | 832 | 1630 | 1410 | 1620 | 2620 68.02.29 |
| MQ | 394  | 413  | 398  | 405  | 448  | 443  | 384 | 384  | 368 | 381  | 383  | 382  | 398 (46 ár)   |
| LQ | 208  | 181  | 193  | 150  | 237  | 256  | 263 | 246  | 224 | 196  | 178  | 190  | 150 96.04.05  |

vhm064  
Ölfusá; Selfoss



MEDALÁRSRENNSLI m3/s vhm064 Ölfusá; Selfoss

|      |        |      |        |      |        |
|------|--------|------|--------|------|--------|
| 1921 | 1941   | 1961 | 405.87 | 1981 | 381.44 |
| 1922 | 1942   | 1962 | 408.45 | 1982 | 340.06 |
| 1923 | 1943   | 1963 | 358.24 | 1983 | 371.25 |
| 1924 | 1944   | 1964 | 403.36 | 1984 | 431.55 |
| 1925 | 1945   | 1965 | 360.10 | 1985 | 338.75 |
| 1926 | 1946   | 1966 | 340.03 | 1986 | 335.93 |
| 1927 | 1947   | 1967 | 381.28 | 1987 | 348.99 |
| 1928 | 1948   | 1968 | 379.90 | 1988 | 357.72 |
| 1929 | 1949   | 1969 | 387.32 | 1989 | 417.02 |
| 1930 | **.**  | 1970 | 401.60 | 1990 | 377.75 |
| 1931 | 332.89 | 1971 | 411.47 | 1991 | 397.85 |
| 1932 | 1951   | 1972 | 442.89 | 1992 | 460.54 |
| 1933 | 405.25 | 1973 | 464.69 | 1993 | 458.91 |
| 1934 | 1952   | 1974 | 465.21 | 1994 | 370.08 |
| 1935 | 508.84 | 1975 | 429.61 | 1995 | 367.33 |
| 1936 | 1953   | 1976 | 478.96 | 1996 | 365.51 |
| 1937 | 424.32 | 1977 | 353.35 | 1997 | **.**  |
| 1938 | 1954   | 1978 | 354.90 | 1998 |        |
| 1939 | 457.66 | 1979 | 318.55 | 1999 |        |
| 1940 | 1955   | 1980 | 392.08 | 2000 |        |
|      |        |      | 363.10 |      |        |

Mest: 508.84

Meðaltal 46 fullþekktra ára: 398.42

Minnst: 318.55